



Fundargerð

Fundur haldinn á teams miðvikudaginn 12. 01. 2022 kl. 11.00

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, deildarstjórnarnir Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Th Aðalgeirsdóttir, Herdís Alberta Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Elísa Rún Gunnarsdóttir og Pawel Wasowicz fulltrúar foreldra og Sara Rún Sævarsdóttir fulltrúar nemenda. Sesselja Úlfarsdóttir fulltrúar kennara, Vala Þórsdóttir fulltrúi foreldra og Aron Ingi Elmarsson fulltrúi nemenda voru öll fjarverandi.

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

Dagskrá

- 1. Rekstur skólans.** Farið yfir helstu rekstrarliði skólans árið 2021 miðað við fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Launakostnaður er lang stærsti kostnaðarliðurinn. Eins og staðan er núna er skólinn u.þ.b. 3 milljónum undir kostnaðaráætlun en smávægilegur kostnaðar á eftir að bætast við.
- 2. Árshátíð.** Árshátíð Oddeyrarskóla er með breyttu sniði vegna samkomutakmarkana í þjóðfélaginu. Árshátíðaratriði verða undirbúin í öllum bekkjum og tekin upp. 10. bekkur verður með atriði eins og venjulega, þeirra atriði er æft með leikstjóra og sýnt á sviði 4 sinnum fyrir nemendur skólans. Önnur atriði horfa nemendur á í sjónvarpi. Foreldrar fá aðgang að upptökum af atriðum.
Föstudagurinn er tvöfaldur skóladagur og annar þeirra skertur og helst það en laugardagurinn sem var fyrirhugaður sýningardagur (skertur dagur) verður ekki. Foreldrafélagið getur þá ekki verið með kaffisölu og hefur það áhrif á tekjumöguleika þeirra. Anna ber undir skólaráð að fella niður laugardaginn, þar sem hann var bara fyrirhugaður fyrir foreldrasýningar sem ekki verða. Hún hefur hvorki fengið svar frá fræðsluráði né sviðsstjóra um hvort megi fella niður kennslu þennan dag en forsenda fyrir því að þeir aðilar gefi jákvætt svar er samþykki skólaráðs. Skólaráð samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að fella niður laugardaginn 22. janúar sem kennsludag, með þeim fyrirvara um að sviðstjóri og/eða fræðsluráð samþykki. Anna ræddi um hvort skólaráði finnist kominn tími á breytingar í þá veru að taka árshátíð af laugardegi. Nú fer að líða að vinnu við skóladagatal og því þarf að taka ákvörðun. Þeir sem tóku til máls voru sammála því að halda áfram með að hafa árshátíðina á laugardegi.
- 3. Gæðaráð - Skólapúls.** Anna kynnti tilgang og fyriragnir Skólapúlsins. Nemendakannanir eru framkvæmdar tvisvar á ári þar sem helmingur nemenda í 6. -10. bekk svarar í hvort sinn. Helstu niðurstöður könnunarinnar frá því í haust eru þær að það vantar þrautseigju og líðan nemenda er frekar slök. Þetta eru svipaðar niðurstöður og undanfarin ár. Í gegnum tíðina hafa starfsmenn skólans gripið til ýmissa leiða til úrbóta og verður því haldið áfram. Foreldrakönnun fer fram í febrúar en þá fær úrtak foreldra úr öllum skólanum boð um þátttöku. Nokkru áður er fólki gefinn kostur á að afþakka þátttöku sem fáir nýta sér miðað við að oft þarf að ganga lengi á eftir foreldrum að svara.
- 4. Heilsueflandi grunnskóli** - Lífshlupið hefst 2. febrúar og stendur yfir í tvær vikur fyrir nemendur eða til 15. febrúar og þrjár vikur fyrir vinnustað, til 22. febrúar. Hefð er fyrir því að



Fundargerð

taka þátt, kennarar halda utan um að skrá hreyfingu barna og fulltrúi úr heilsueflingarnefnd skráir hreyfingu starfsfólks. Spennandi verkefni sem lífgar upp á nám og starf. Oddó á iði er í gangi þessa viku en þá eru leggja kennarar sérstaka áherslu á hreyfingu með nemendum sínum.

5. Önnur mál –

- a. Skóladagatal 2022-2023. Samþykkt á fundi skólastjóra að skólasetning verði 22. ágúst 2022, haustfrí á föstudegi 21. okt og mánudegi 24. okt og vetrarfrí 23. og 24. febrúar. Anna spurði fólk hvort það væri eitthvað sérstakt sem það vildi að yrði haft í huga við gerð næsta skóladagatals. Fram kom hjá einum að ekki væri gott að hafa litlu jólin á mánudegi, þar sem mikil spenna væri komin í nemendahópinn á þessum tíma. Anna benti á að það þurfi alltaf að skoða í skóladagatalið í stærra samhengi og ef ákveðið væri að fara fyrir í jólafrí þyrfti þessi kennsludagur að vera annars staðar. Fimm skipulagsdagar kennara eru á árinu og hefur verið reynt að dreifa þeim yfir vikuna í stað þess að láta þá alltaf liggja að helgi. Anna spyr hvort fólk hafi skoðun á því. Anna útskýrði gula daga sem eru skertir dagar. Ef fulltrúar í skólaráði hafa einhverjar tillögur eða spurningar í tengslum við skóladagatal næsta árs er þeim velkomið að hafa samband við Önnu skólastjóra.
- b. Covid. Anna sagði aðeins frá „covid stöðunni“. Breytingar á reglugerð urðu mjög litlar í gær. Fámenni skólans gerir það að verkum að það er frekar auðvelt fyrir okkur halda úti óskertu skólastarfi. Nokkuð misvísandi upplýsingar hafa komið um grímuskyldu innan skólans en nú er það komið á hreint að nemendur í grunnskóla þurfa ekki að bera grímur. En þó verða keyptar nægar grímur og nemendur hafa val. Smitum er að fjölga á Akureyri og því geta skjótt skipast veður í lofti. En það er alltaf rakningarteymi sem tekur ákvörðun um sóttkví. Vinnusóttkví Anna spurði fólk hvernig það upplifði stöðuna. Foreldri sem tók til máls upplifir ekki hræðslu. Unglingarnir hafa ekki áhyggjur og eru duglegir að þvo og spritta. Nokkrir nemendur veiktustu í jólafrí og því hafa veikindi ekki haft áhrif inn í skólann. En smit hafa verið að koma upp í skólum bæjarins undanfarna daga.
- c. Pisa Anna sagði frá Pisa könnuninni en hún verður lögð fyrir nemendur í 10. bekk um miðjan mars.

Fundi slitið kl. 11.52

Fjóla Kristín skrifaði fundargerð